

má, að ekki hafi af ásettu ráði verið farið fram yfir hið leyfða, getur ráðherra 42
heimilað, að allt andvirðið verði greitt útflytjanda. Refsiákvæði fyrri málsgreinar 13. júní
nær eigi til brota á þessari málsgrein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

43

um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

13. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og
Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og
Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með
samþykki Voru.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Laxá í
Suður-Þingeyjarsýslu, til þess að vinna úr henni raforku til almenningsþarfa;
leggja háspennutaugar til Akureyrar og þeirra staða annara, er ákveðið kann að
verða að leiða raforku til frá Laxá, svo og að gera afspennistöðvar og þau mann-
virki önnur, er með þarf til þess að koma orkunni til notenda.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að
hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt
þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að
þykja að dómi sérfræðinga, vegna almenningshagsmuna.

3. gr.

Þegar bæjarstjórn Akureyrar hefir reist raforkustöð við „Laxá úr Mývatni“
og tekið hana í notkun, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku
reikningshaldi, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

4. gr.

Raforkustöðin við Laxá selur rafmagn til Akureyrar. Þá raforku, sem umfram
kann að verða þörf notenda í Akureyrarkaupstað á hverjum tíma, er raforkustöð-
inni skylt að láta í té við stöðvarvegg í orkuverinu og við spennistöðvar á há-
spennulínunum frá Laxá til Akureyrar, til almenningsnota í nærliggjandi héruðum,
við kostnaðarverði, að viðbættum 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því,
sem greitt er fyrir raforkuna á Akureyri, miðað við afhendingu á sama stað. Skal
verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b.
vatnalaganna frá 1923.

43

13. júní

Nú óska nærliggjandi héruð að fá meira rafmagn en unnt er að láta þeim í té af þeirri orku, er við fyrstu virkjun fæst, og er bæjarstjórn Akureyrar þá heimilt, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að auka virkjunina svo sem henta þykir. Skal aukningin framkvæmd jafnskjótt og fé er fyrir hendi, nema gildar ástæður, að dómi ráðherra, hamli.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

44

13. júní

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka mjólkurvinnslustöð á leigu.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma, með eða án samþykkis eigenda, mjólkurvinnslustöð Mjólkursamlags Kjalarnesþings við Hringbraut í Reykjavík, ásamt lóðarréttindum, öllum mannvirkjum á lóðinni, þar með töldum öllum þeim skúrbyggingum, sem þar eru, svo og með öllum vélum, umbúðum og umbúðabirgðum, áhöldum og hlutum, sem stöðinni tilheyrir og ástæða þykir til að nota við rekstur hennar; enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna. Skal ríkisstjórninni heimilt að taka stöðina til afnota þegar eftir gildistöku laga þessara, og greiðist leiga sú, sem metin verður, frá þeim tíma, er afnotin byrja. Það sem kann að þurfa að gera við stöðina, til þess að hún sé hæf til rekstrar, er ríkisstjórninni heimilt að láta gera á kostnað eiganda, ef hann gerir það ekki sjálfur, og má draga viðgerðarkostnaðinn frá leigunni eftir stöðina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.